

Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna

Samþykktar á ársfundi 26. mars 2014.

I. kafli.

Hlutverk, skipulag og ávöxtun sjóðsins

1. gr.

Hlutverk sjóðsins

- 1.1 Sjóðurinn hefur það hlutverk að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykpta þessara.
- 1.2 Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Sjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, sem stofnaður var skv. 49. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928 og tók til starfa 1. janúar 1929 og var í fyrstu kenndur við starfsmenn Landsbanka Íslands. Nafn hans breyttist á ný með gildistöku samþykpta þessara. Heimili og varnarþing Lífeyrissjóðs bankamanna er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn sjóðsins

- 2.1 Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn.
- 2.2 Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Sjóðfélagar

- 3.1 Allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki, sbr. 9. gr. II. kafla og 18. gr. III kafla. Sjóðfélagar eru í samþykktum þessum nefndir þeir:
 - sem taka laun hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins og skyldir eru til að greiða iðgjöld til hans,
 - sem á hverjum tíma njóta eftirlauna og örorkulífeyris úr sjóðnum, svo og þeir
 - sem hafa áunnið sér rétt til lífeyris úr honum samkvæmt samþykktum þessum, en hafa ekki hafið töku hans.

- 3.2 Undanskildir eru þeir starfsmenn sem eiga skylduaðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem gerast starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins yngri en 16 ára verða ekki sjóðfélagar fyrr en næstu mánaðamót eftir að þeir hafa náð þeim aldri. Sá tími sem iðgjöld eru greidd til sjóðsins vegna sjóðfélaga, telst starfstími hans. Sá starfstími þarf ekki að vera samfelldur.
- 3.3 Um aðild stjórnenda og stjórnarmanna fer samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfyrirtækja í samráði við stjórn sjóðsins.

4. gr. Skipting sjóðsins í deildir

- 4.1 Lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur deildum og skal halda þeim fjárhagslega aðskildum hvorri frá annarri. Deildir sjóðsins bera ekki fjárhagslega ábyrgð hvor á annarri.
- 4.2 Starfrækt skal sérstök deild fyrir starfsmenn sem hófu störf fyrir 1.1. 1998, með réttindum og skyldum skv. II. kafla (Hlutfallsdeild) og vegna þeirra sjóðfélaga sem hætt hafa störfum fyrir þann tíma.
- 4.3 Fyrir starfsmenn sem hófu störf eftir 31.12.1997 skal starfrækt deild skv. III. kafla (Aldursdeild).

5. gr. Uppgjör sjóðsins

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans skv. 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997. Leiði rannsókn tryggingafræðings í ljós að misræmi hafi myndast milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Leiði niðurstöður tryggingafræðings í ljós að eignir sjóðsins eða eignir einstakra deilda sjóðsins standi ekki undir skuldbindingum þeirra skal sjóðstjórn fyrst leita leiða til að bæta ávöxtun sjóðsins eða hækka iðgjöld áður en til skerðinga á réttindum kemur sbr. þó 54. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum..
- 5.2 Sjóðurinn skal eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti senda út til sjóðfélaga upplýsingar um greiðslur þeirra til sjóðsins, væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum hans. Upplýsingum þessum skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemd ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Sjóðurinn skal einu sinni á ári senda út til sjóðfélaga upplýsingar um væntanlegan lífeyrisrétt, sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum hans.
- 5.3 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem sjóðstjórnin velur og tveimur skoðunarmönnum sem kosnir skulu á ársfundi sjóðsins. Sameiginlegum rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við eignir þeirra.

6. gr. Ársfundir

- 6.1 Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boða með mánaðar fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Á ársfundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- c) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- h) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- i) Önnur mál.

7. gr.

Breytingar á samþykktum

- 7.1 Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu hafa borist stjórn a.m.k. tveimur mánuðum fyrir ársfund og kynntar sjóðfélögum viku fyrir ársfund. Miði tillögur að aukningu þeirra réttinda, sem sjóðurinn veitir eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingatillagna á samþykktum sjóðsins skal getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins. Breytingar á samþykktum þessum skulu bornar undir atkvæði sjóðfélaga á ársfundi og hljóta samþykki meirihluta hans og staðfestar af meirihluta bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja.
- 7.2 Meirihluti stjórnar hvers aðildarfyrirtækis fer með atkvæði þess en atkvæðavægi einstakra aðildarfyrirtækja skal miðast við fjölda sjóðfélaga og ræður meirihluti þannig fenginn afstöðu aðildarfyrirtækja í heild.
- 7.3 Atkvæðisrétt um breytingar sem einungis snerta einstakar deildir sjóðsins hafa einungis sjóðfélagar og aðildarfyrirtæki viðkomandi deildar. Atkvæðavægi aðildarfyrirtækja þegar fjallað er um breytingar á ákvæðum einstakra deilda sjóðsins ræðst af fjölda sjóðfélaga sbr. 3. gr., í viðkomandi deild, sem aðildarfyrirtæki greiðir iðgjöld fyrir eða hefur greitt. Hafi fleiri en eitt aðildarfyrirtæki greitt iðgjöld vegna sama sjóðfélagans fer atkvæðavægi eftir hlutfalli þess tíma, sem aðildarfyrirtæki hefur greitt iðgjöldin. Breytingar á iðgjöldum til sjóðsins eru þó háðar samþykki þeirra sem fara með kjarasamninga fyrir hönd aðila að sjóðnum.

8. gr.

Ávöxtun sjóðsins

- 8.1 Stjórn lífeyrisjóðsins skal móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- 8.2 Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingastefnu fyrir hvora deild í sjóðnum.
- 8.3 Fjárfestingastefna sjóðsins skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingu.

II. kafli (Hlutfallsdeild).

Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hófu störf fyrir 1.1. 1998

9. gr.

Iðgjöld til sjóðsins

- 9.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins, og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til 76,8% eftirlaunahlutfalli er náð.
- 9.2 Aðildarfyrirtæki greiða 14,4% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins meðan sjóðfélagi starfar þar.
- 9.3 Sjóðfélagar bera aðeins ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með iðgjöldum sínum.

10. gr.

Aldursmörk til lífeyristöku

- 10.1 Sjóðfélagi er heimilt að láta af störfum með rétti til eftirlauna hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára. Getur hann með því að starfa áfram áunnið sér viðbótarlífeyrissréttindi hafi hámarki ekki verið náð, enda sé iðgjaldagreiðslum haldið áfram meðan hann starfar.
- 10.2 Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur hætt störfum með rétti til eftirlauna og tekur þá eftirlaun samkvæmt 1. mgr. 11. gr.
- 10.3 Þá er sjóðfélagi heimilt að láta af störfum og hefja töku eftirlauna áður en hann nær 65 ára aldri, þótt hann uppfylli ekki ákvæði 2. mgr., en þó ekki fyrr en hann er orðinn 60 ára. Skal þá fjárhæð eftirlauna lækka frá því sem segir í 1. mgr. 11.gr. um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð.

11. gr.

Hlutfall eftirlauna

- 11.1 Hver sjóðfélagi sem lætur af starfi og orðinn er 65 ára að aldri á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslutíma. Upphæð eftirlauna er hundraðshluti af launum fyrir fullt starf í stöðu þeirri sem sjóðfélaginn gegndi síðustu fimm árin og skal endurmeta laun fyrstu fjögurra árana til verðlags á því síðasta með vísitölu neysluverðs.
- 11.2 Eftirlaunin skulu nema 1,92% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til 76,8% eftirlaunahlutfalli er náð.
- 11.3 Hafi orðið veruleg hækkun á launum sjóðfélaga síðustu fimm árin áður en að töku lífeyris kemur, sem ekki má rekja til breytinga á starfi eða almennra launabreytinga, er sjóðstjórninni heimilt að víkja frá þeirri reglu sem tilgreind er í 1. mgr. og ákvarða sjóðfélagi lægri eftirlaun.
- 11.4 Eftirlaunin taka breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, sem Hagstofa Íslands reiknar út.
- 11.5 Nú frestar sjóðfélagi að taka lífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá miða lífeyri við það starf sem hærra var launað.

Hafi sjóðfélagi tekið við nýju starfi sem er lægra launað en greitt iðgjald af hærri launum inn í sjóðinn í lengri tíma en þrjú ár, skal tekið hlutfallslegt tillit til þess við ákvörðun eftirlauna.

- 11.6 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans, sjá skilgreiningu hugtaksins maki í 13.7, getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.-3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til eftirlaunagreiðslna, verðmætis eftirlaunaréttinda eða eftirlaunaréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:
1. Að eftirlaunagreiðslur sem renna eiga til sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Sjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
 2. Áður en taka eftirlauna hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra lífeyrisréttinda sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð eftirlaunaréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding sjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins.
 3. Að iðgjald vegna sjóðfélaga, sem gengur til að mynda eftirlaunaréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og maka hans eins og iðgjaldinu.
- 11.7 Lífeyrir greiðist eins og laun sjóðfélaga.

12. gr. Örorkulífeyrir

- 12.1 Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutaps og orkutapið er metið 50% eða meira af trúnaðarlækni sjóðsins, á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri. Reikna skal örorkulífeyrinn út miðað við áunnin réttindi sjóðfélagsins á þeim tíma er örorkan kom fram.
- 12.2 Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. þrjú ár á síðustu fjórum árum og í sex mánuði á síðustu tólf mánuðum á hann rétt á örorkulífeyri ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur orkutapið að minnsta kosti 10%. Uppfylli sjóðfélaginn þessi skilyrði skal hámarks örorkulífeyrir hans vera jafnhár eftirlaunum þeim, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs og sú fjárhæð margfölduð með orkutapsprósentunni og deilt í með hundrað. Sjóðfélagi skal hafa greitt að lágmarki kr. 35.000 á ári hvert þeirra þriggja ára sem framreikningur er miðaður við. Er sú fjárhæð miðuð við neysluverðsvísitölu 173,5 og tekur breytingum samkvæmt henni.
- 12.3 Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap varir í sex mánuði eða lengri tíma. Enginn getur fengið greiddan örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum, þrátt fyrir örorkuna. Örorkulífeyrir tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 12.4 Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og tekjur, sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti að mati trúnaðarlæknis.

- 12.6 Á sama hátt ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyri sjóðfélaga, ef örorkan vex til muna frá því hún var áður metin, að mati trúnaðarlæknis.
- 12.7 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Örorkulífeyrir skal ekki úrskurðaður hafi sjóðfélagi hafið töku eftirlauna. Ef sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi hefur öðlast rétt til töku eftirlauna samkvæmt 95 ára reglu stofnast ekki réttur til örorkulífeyris.
- 12.8 Hafi sjóðfélagi uppfyllt skilyrði greinar 12.1 skal við ákvörðun eftirlauna reikna sem iðgjaldgreiðslutíma þann tíma sem sjóðfélagi naut örorkulífeyris úr sjóðnum, í hlutfalli við örorkustig sjóðfélagans.
- 12.9 Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með réttindum vegna ókomins tíma skv. 12.2.
- 12.10 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana.

13. gr. Makalífeyrir

- 13.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í 12 mánuði.
- 13.2 Fjárhæð lífeyris til makans fer eftir starfstíma hins látna og nemur 10/17 af áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Lífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 13.3 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið eða sambúðinni, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.
- 13.4 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, sem hefur ekki búið með honum undanfarin tvö ár og getur sjóðstjórnin þá ákveðið makanum lægri lífeyri en hann hefði átt rétt á samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann tíma, er þau hafa ekki verið samvistum.
- 13.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2., 3. og 6. mgr.
- 13.6 Til viðbótar þeim makalífeyri sem skilgreindur er að ofan skal sjóðurinn greiða til etirlifandi maka dánarbætur í eingreiðslu við andlát sjóðfélaga og skal sú greiðsla fylgja sömu reglum og gilda um hóplíftryggingu bankamanna skv. kjarasamningi SSF og bankanna frá 8. júní 1995.
- 13.7 Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélagi, (staðfestri samvist eða óvígðri sambúð), enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

14. gr. Barnalífeyrir

- 14.1 Við andlát sjóðfélaga skulu börn og kjörbörn, sem yngri eru en 20 ára, fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til að þau eru fullra 20 ára, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn sjóðfélaga er naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum.
- 14.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, nemur lífeyrisgreiðslan hálfum barnalífeyri almannatrygginga. Eigi barnið ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi skal lífeyrisgreiðslan vera jafnhá barnalífeyri almannatrygginga. Að undangengnu mati á félagslegri aðstöðu barna, er sjóðstjórn heimilt að ákvarða barnalífeyri allt að 50% hærri en barnalífeyri almannatrygginga enda styðji matið slíka ákvörðun. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga þegar hann er metinn til örorku, þó þannig að lífeyrir þeirra skal nema sama hundraðshluta af barnalífeyri úr þessum sjóði og örorka sjóðfélaga er metin. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.
- 14.3 Veiti andlát eða örorka sjóðfélagsans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr Lífeyrissjóði bankamanna bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld þangað.
- 14.4 Fullur barnalífeyrir skal greiddur hafi sjóðfélagi greitt árlega lágmarksiðgjöld kr. 50.000 á ári miðað við neysluverðsvísitölu 173,5 síðustu tvö ár fyrir orkutap eða andlát. Ef iðgjöld eru lægri skal barnalífeyrir lækka í hlutfalli við innborganir og falla niður ef árleg iðgjöld eru undir kr. 25.000. Falla greiðslur barnalífeyris jafnframt niður ef greiðslur örorku- eða makalífeyris foreldis eru lægri en kr. 10.000 á mánuði.

15. gr. Réttur sjóðfélaga er hætta störfum

- 15.1 Nú lætur sjóðfélagi af starfi af öðrum ástæðum en elli eða örorku, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Eftirlaun hans og örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka og barna miðast við 11.-14. gr. og taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá þeim tíma. Iðgjaldagreiðslur til skemmri tíma en eins árs veita ekki rétt til lífeyris en endurgreiðast inn á lífeyrissparnaðarreikning, sem sjóðfélagi tiltekur, með vöxtum, sem stjórn sjóðsins ákveður, þegar lífeyrisaldri er náð. Réttur maka til eingreiðslu skv. 6. málsgrein 13. gr. fellur þó niður hætti sjóðfélagi störfum hjá aðildarfyrirtæki sjóðsins af öðrum ástæðum en elli eða örorku.
- 15.2 Iðgjaldagreiðslur sem staðið hafa skemmri tíma en svo, að þær veiti rétt til lífeyris, flytjast í lífeyrissparnaðarreikning, sem sjóðfélagi tiltekur, með vöxtum sem sjóðsstjórn ákveður, þegar lífeyrisaldri er náð. Þessi ákvæði gilda um alla sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir skemmri tíma en svo, að greiðslur veiti rétt til lífeyris, óháð því hvaða samþykktir giltu, þegar iðgjöld voru greidd eða iðgjaldagreiðslum lauk.

16. gr. Áfallnar skuldbindingar skv. eldri reglugerðum

- 16.1 Öll réttindi þeirra sem hafið hafa töku lífeyris miðast við þann tíma, sem lífeyrir hefur verið úrskurðaður, svo og réttindi sem afleidd eru af lífeyrisrétti, nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum sem síðar taka gildi.

- 16.2 Ákvæði samþykkt þessara varðandi kafla II (Hlutfallsdeild) taka ekki til lífeyris sem úrskurðaður hefur verið fyrir 1.1.1998 né heldur þess lífeyris sem réttur hefur stofnast til að fá greiddan fyrir 1.1.1998. Skal lífeyrisréttur þeirra sjóðfélaga sem hættir eru störfum hjá aðildarfyrirtækjum fyrir 1. janúar 1998 miðast við laun eftirmanns þeirra eins og þau voru 31. desember 1997 eigi sjóðfélagi verðtryggðan rétt til lífeyris hjá sjóðnum. Jafnframt skal allur lífeyrir, greiddur af sjóðnum eftir 31. desember 1997, sem nýtur verðtryggingar, verðtryggður með vísitölu neysluverðs, sbr. 3. mgr. 11.gr. og gildir það bæði um þá sem njóta lífeyris hjá sjóðnum á þeim tíma og þá sem taka munu lífeyri síðar.

17. gr.

Aðilar að Hlutfallsdeild

- 17.1 Aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar eru Landsbankinn, Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Valitor, og Lífeyrissjóður bankamanna. Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Hlutfallsdeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

III. kafli. (Aldursdeild)

Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hófu störf eftir 31.12 1997

18. gr.

Iðgjöld til sjóðsins

- 18.1 Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 12% af heildarlaunum hans, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%. Auk þess greiðir launagreiðandi að lágmarki 2% í séreignarsjóð, en sú greiðsla er skv. kjarasamningi milli Samtak starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins, gr. 8.1
- 18.2 Enginn greiði iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs.
- 18.3 Sjóðfélagar eða launagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

19. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda

- 19.1 Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til eftirlauna og örorkulífeyris ásamt því að maki og börn sjóðfélaga öðlast rétt til maka- og barnalífeyris. Í 19. gr - 23. gr. og í réttindatöflum sjóðsins I til V sem birtar eru í viðauka við samþykktir þessar og eru hluti þeirra er nánar kveðið á um þessi réttindi.

Tafla I	Sýnir árlegan lífeyrisrétt frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald fyrir reglulegar iðgjaldagreiðslur.
Tafla II	Sýnir lækkun eftirlauna þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur.
Tafla III	Sýnir hækkun eftirlauna þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur.
Tafla IV	Sýnir árlegan lífeyrisrétt fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára.
Tafla V	Sýnir árlegan lífeyrisrétt fyrir eingreiðslu iðgjalda sem ekki veita rétt til framreiknings.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Iðgjald sjóðsins til lágmarksréttindaöflunar er 10% miðað við árin 25 til 64 en sú prósentá er talin hæfileg til að standa undir lágmarks tryggingavernd sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997.

- 19.2 Öflun réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 20. - 23.gr.
- 19.3 Áunnin réttindi sjóðfélaga vegna iðgjalda til ársloka 2007 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem þá giltu. Þau skulu umreiknuð til krónutölu miðað við áunnin réttindi og þau grundvallarlaun sem í gildi voru í árslok 2007. Þau breytast síðan mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 19.4 Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurðá skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 19.5 Réttur til eftirlauna, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin réttindi, sbr. þó 4. mgr. 19. gr.

20. gr. Eftirlaun

- 20.1 Sá, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins og orðinn er 67 ára að aldri, á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum. Upphæð eftirlauna ræðst af innborguðum iðgjöldum og réttindaöflun samkvæmt 19. gr. Eftirlaunagreiðslur greiðast með sama hætti og laun sjóðfélaga.
- 20.2 Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 67 ára og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti, má hefja töku eftirlauna. Upphæð eftirlauna samkvæmt 1. mgr. lækkar þá samkvæmt töflu II.
- 20.3 Sjóðfélagi sem er orðinn 67 ára og frestar töku lífeyris hækkar eftirlaun sín samkvæmt töflu III.
- 20.4 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans, sjá skilgreiningu hugtaksins maki í gr. 22.5, getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.-3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til eftirlaunagreiðslna, verðmætis eftirlaunaréttinda eða eftirlaunaréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:
 1. Að eftirlaunagreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Skal sjóðurinn þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
 2. Áður er taka eftirlauna hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra eftirlaunaréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð eftirlaunaréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding sjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.
 3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda eftirlaunaréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

21. gr. Örorkulífeyrir

- 21.1 Sjóðfélagi, sem ekki er orðinn 67 ára og verður fyrir varanlegu orkutapi, sbr. 2. mgr. 21. gr., á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 19. gr. fram að orkutapi, enda hafi hann greitt í lífeyrissjóð í samtals 24 mánuði og sannanlega orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. skv. 8. og 9. mgr. 21. gr. Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap varir í sex mánuði eða lengri tíma.
- 21.2 Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir metur örorkuna a.m.k. 40% (örorkuprósentu). Örorkuna skal meta á fimm ára fresti eða oftár.
- 21.3 Til grundvallar örorkulífeyri sjóðsins eru réttindi þau, sem sjóðfélaginn hefur öðlast sbr. 19. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt til sjóðsins í a.m.k þrjú ár á undangengnum fjórum árum og í sex mánuði á undangengnum tólf mánuðum skal auk áunninna réttinda telja þau réttindi sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal iðgjalda hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. og 5 - 6. mgr. þessarar greinar. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal iðgjalda fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksárinu, sem lakast er. Sjóðfélagi skal hafa greitt iðgjöld að lágmarki kr. 35.000 á ári fyrir hvert þeirra þriggja ára sem framreikningur er miðaður við. Er sú fjárhæð miðuð við neysluverðsvísitölu 173,5 og tekur breytingum samkvæmt henni.
- 21.4 Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.
- 21.5 Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með réttindum vegna ókomins tíma skv. 3. mgr.
- 21.6 Nemi árlegt meðaltal launa sem greitt er af til samtryggingar, sem miða skal framreikning við samkvæmt 3. mgr. 21 gr. hærri fjárhæð en kr. 15 millj., skal árlegur framreikningur aldrei miðast við hærri fjárhæð en iðgjöld sem greidd væru af kr. 15 millj. launum fyrir hvert ár. Breytist fjárhæð þessi í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, miðað við janúar 2007 sem var þá 266,2.
- 21.7 Örorkulífeyrir er jafn áunnum og framreiknuðum lífeyrisréttindum samkvæmt 3. mgr. margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 2. mgr. Örorkulífeyri skal reikna á fimm ára fresti eða oftár í samræmi við 2. mgr.
- 21.8 Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og frá öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 21.9 Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagsins síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbættar til úrskurðardags, sbr. lokamálsgrein 3. - 4. mgr. um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu launa.

- 21.10 Skytt er sjóðfélagi, sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og tekjur, sem nauðsynlegar eru, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 21.11 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur eða fyrr, þegar taka eftirlauna hefst. Eftirlaun skulu þá ákveðin þannig, að auk áunninna réttinda skal reikna réttindi vegna iðgjalda sem við ákvörðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Skal það gert að því leyti er hundraðshluti örorku segir til um og vegna þess tíma sem sjóðfélagi hefur notið örorkulífeyris.
- 21.12 Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
- 21.13 Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal réttinda hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- 21.14 Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo óreglulegar að þær hafa fallið niður eða verið innan við 50.000 kr. á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í óreglulegum greiðslum. Skal þá framreikningstíminn stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem óreglulegar iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða. Viðmiðunarfjárhæð iðgjalds er miðuð við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007 sem var þá 266,2 og breytist í samræmi við hana.
- 21.15 Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stornast ekki réttur til framreiknings í sjóðnum ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutaps.
- 21.16 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana.

22. gr. Makalífeyrir

- 22.1 Nú andast sjóðfélagi, sem naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til lífeyrissjóðs a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða hefur öðlast rétt til framreiknings skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum miðað við áunnin eftirlaunaréttindi sjóðfélagans. Makalífeyrir skal greiddur í 24 mánuði. Hafi maki á framfæri sínu eitt barn eða fleiri innan 23 ára aldurs, sem sjóðfélaginn hafði á framfæri sínu, skal makalífeyrir greiddur fram að 23 ára aldri yngsta barnsins.
- 22.2 Ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur meðan það ástand varir.
- 22.3 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1. - 2. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.
- 22.4 Upphæð óskerts makalífeyris er 60% af áunnum eftirlaunaréttindum, sem sjóðfélaganum eru reiknuð. Þegar skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt, skal, ef sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í a.m.k. 6 mánuði á undanförunum 12 mánuðum fyrir andlátinu auk áunninna réttinda telja 60% af þeim

réttindum, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknað í samræmi við ákvæði 20. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna 60% af örorkulífeyrisréttindum frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 20. gr, en síðan 60% af eftirlaunaréttindum til 65 ára aldurs í samræmi við iðgjöld þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- 22.5 Maki skv. þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélagi, (staðfestri samvist eða óvígðri sambúð), enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga, sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

23. gr. Barnalífeyrir

- 23.1 Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 1. mgr. 21. gr., og eiga þá eftirlifandi börn hans sbr. 3. mgr. rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 4. mgr., uns þau hafa náð 20 ára aldri. Stofnist réttur til barnalífeyris hjá þessum sjóði og öðrum lífeyrissjóði samtímis, skal því aðeins greiddur barnalífeyrir að meiri iðgjöld hafi verið greidd til þessa sjóðs vegna hins látna en til hins sjóðsins á síðustu 12 mánuðum.
- 23.2 Börn elli- og örorkulífeyrisþega eiga rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 4. og 5. mgr., uns þau hafa náð 20 ára aldri.
- 23.3 Með börnum sjóðfélaga er átt við börn hans og kjörbörn svo og fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélaginn framfærði að mestu eða öllu leyti, ef um lífeyri samkvæmt 1. mgr. er að ræða.
- 23.4 Barnalífeyrir skal vera 5.750 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.842 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast í janúarmánuði ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181.4 stig. Eigi barnið ekki foreldri, kjör-, fóstur- eða stjúpforeldri á lífi sem sér um framfærslu þess að öllu eða mestu leyti, skal lífeyrir þó nema tvöföldum ofangreindum fjárhæðum.
- 23.5 Fullur barnalífeyrir skal greiddur hafi sjóðfélagi greitt árlega lágmarksiðgjöld kr. 50.000 á ári miðað við neysluverðsvísitölu 173,5 síðustu tvö ár fyrir orkutap eða andlát. Ef iðgjöld eru lægri skal barnalífeyrir lækka í hlutfalli við innborganir og falla niður ef árleg iðgjöld eru undir kr. 25.000. Falla greiðslur barnalífeyris jafnframt niður ef greiðslur örorku- eða makalífeyri foreldris eru lægri en kr. 10.000. á mánuði.

24. gr. Geymd réttindi

- 24.1 Maður sem á réttindi hjá sjóðnum, sbr. 18. gr., skal eiga rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum þessa kafla í samþykktum þessum miðað við áunnin geymd réttindi.
- 24.2 Örorkumat manns sem ekki hefur greitt til sjóðsins í sex mánuði á síðustu 12 mánuðum skal miða við vanhæfni hans til að gegna því starfi sem síðast veitti honum aðild að lífeyrissjóði.

25. gr.

Iðgjald til viðbótartryggingaverndar.

- 25.1 Til viðbótar iðgjaldi skv. 18. gr. skal launagreiðandi greiða 7% iðgjald af sama grunni og tilgreindur er í 1. mgr. 18. gr. til vörsluaðila lífeyrissparnaðar, að vali sjóðfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum. Skal við það miðað að greiðsla hefjist þegar iðgjaldatími til sjóðsins skv. 3. gr. hefur náð 3 árum.

26. gr.

Útborgun lífeyrissparnaðar

- 26.1 Endurgreiðsla lífeyrissparnaðar sjóðfélaga skv. 24. gr. fer eftir ákvæðum laga og reglugerða hverju sinni og eftir reglum þess eða þeirra vörsluaðila sem hann hefur greitt til, sbr. nú 11. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum sbr. og rgl. nr. 698/1998.

27. gr.

Aðilar að Aldursdeild.

- 27.1 Aðildarfyrirtæki Aldursdeildar eru Landsbankinn, Seðlabanki Íslands, Arion banki, Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Valitor og Lífeyrissjóður bankamanna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum fyrirtækjum aðild að Aldursdeild enda samþykki þau reglur sjóðsins. Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Aldursdeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

IV. kafli.

Ýmis sameiginleg ákvæði

28. gr.

Endurráðning

- 28.1 Hafi iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga í Hlutfallsdeild fallið niður í meira en 12 mánuði samfelld vegna þess að hann lét af störfum hjá aðildarfyrirtæki og hann kemur aftur til starfa hjá aðildarfyrirtæki, skal hann greiða til Aldursdeildar. Réttindi hans í Hlutfallsdeild haldast þó óbreytt og flytjast ekki til Aldursdeildar.
- 28.2 Hafi sjóðfélagi í Hlutfallsdeild látið af störfum hjá aðildarfyrirtæki, en iðgjaldagreiðslur fallið niður í skemmri tíma en 12 mánuði samfelld og hann kemur aftur til starfa hjá aðildarfyrirtæki, er honum heimilt að greiða til Hlutfallsdeildar, ef hann beinir sannanlega ósk um það til stjórnar sjóðsins innan sex mánaða frá því hann kom aftur til starfa. Þótt sjóðfélagi eigi eldri réttindi í Hlutfallsdeild er honum ekki heimilt að flytja þau yfir í Aldursdeild.

29. gr.

Greiðsla við andlát.

- 29.1 Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við andlát hans að fjárhæð er samsvari mánaðarlaunum skv. launabreyti nú 141. Sjóðstjórn endurskoðar þessa viðmiðun með hliðsjón af launabróun.

30. gr.
Innheimta iðgjalda

- 30.1 Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Áskilinn er réttur til þess að reikna vexti fyrir hvern byrjaðan mánuð umfram þann fyrsta, sem greiðsla hefur dregist frá útborgun launa.

31. gr.
Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 31.1 Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir skal greiddur fyrir næsta heila mánuð eftir að réttur til hans stofnast og fyrir þann mánuð sem réttur til hans fellur úr gildi.
- 31.2 Berist stjórn sjóðsins ekki umsókn um lífeyri þegar réttur til töku lífeyris stofnast er henni heimilt að ákveða fyrirkomulag greiðslna lífeyris aftur í tímann, þ.m.t. vaxtakjör.
- 31.3 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 krónum á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, er sjóðnum heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Viðmiðunarfjárhæð þessi er miðuð við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún var í janúar 2007 og breytist hún í samræmi við það.

32. gr.
Endurgreiðsla iðgjalda erlendra ríkisborgara

- 32.1 Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt skv. milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilegum forendum. sbr. lög nr. 129/1997. Við endurgreiðslu iðgjalda fellur niður aðild að sjóðnum.

33. gr.
Samningar við aðra lífeyrissjóði

- 33.1 Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings er kemur að töku lífeyris o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi hefur átt aðild að fleiri en einum sjóði og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn réttindatíma. Verði réttindi flutt í annan lífeyrissjóð skv. þessari grein fellur niður aðild viðkomandi sjóðfélaga að sjóðnum.

34. gr.
Verndun lífeyrisréttinda

- 34.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim aðför. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

35. gr.
Málsmeðferð vegna ágreinings

- 35.1 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms. Ágreiningsaðilar skulu tilnefna hvor sinn mann og skulu þeir koma sér saman um oddamann. Komi þeir sér ekki saman um oddamann, eða ef annar hvor aðili tilnefnir ekki mann, skal dómsstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefna mann eða menn, svo að gerðardómurinn verði fullskipaður.
- 35.2 Um kostnað vegna gerðardómsins úrskurðar gerðardómurinn, en þó skal sjóðfélaginn ekki greiða stærri hluta kostnaðarins en 1/3 hluta. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer skv. lögum um samningsbundna gerðardóma.

36. gr.
Gildistaka

- 36.1 Samþykktir þessar gilda frá og með staðfestingu fjármálaráðuneytis.

37. gr.
Bráðabirgðaákvæði.

- 37.1 Við breytingu á réttindaöflunarkerfi stigadeildar við lok árs 2007 skal reikna eftir ákvæðum þessarar greinar áhrif sem skipti úr jafnri öflun réttinda í aldurstengda réttindaviðmiðun hefur á framtíðarréttindaöflun þeirra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr.

Mun lífeyrissjóðurinn leitast við að bæta sjóðfélögum upp mismuninn að einhverju eða öllu leyti samkvæmt skilyrðum sem fram koma í 3. mgr. Verða til þess notaðar þær eignir lífeyrissjóðsins sem eru umfram áfallnar skuldbindingar hans þann 1. janúar 2008 eftir því sem þær endast til þess. Reynist eignir deildarinnar eftir greiðslu uppbóta skv. 3. mgr. vera umfram áfallnar skuldbindingar, skal hækka hlutfallslega áunnin réttindi allra sem voru sjóðfélagar stigadeildar lífeyrissjóðs bankamanna hinn 31.12.2007 svo jafnvægi verði náð.

- 37.2 Til að sjóðfélagar fái uppbætur samkvæmt ofangreindu verða þeir að uppfylla neðangreind skilyrði:
- a) að hafa ekki hætt iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðsins,
 - b) að hafa skriflega sótt um að fá uppbót á áunnin lífeyrisrétt skv. ákvæðum þessarar greinar.
- 37.3 Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum gilda eftirfarandi reglur um úthlutun uppbótar til einstakra sjóðfélaga:

1. Reikna skal réttindaöflun þeirra frá árslokum 2007 út frá meðal iðgjaldi áranna 2003 – 2007 til 67 ára aldurs. Ekki skal þó reikna með hærra iðgjaldi en hámarki iðgjalds til framreiknings örorku- og makalífeyris sbr. gr. 21 og gr. 22.
Bera skal saman réttindaöflun annars vegar m.v. jafna réttindaöflun með stuðli sem samsvarar meðaltali töflugilda fyrir aldursárin 25 til og með 64 í töflu I. og hins vegar miðað við aldursháða réttindaöflun samkvæmt töflu I. iðgjöld áranna sem ákvarða meðaltalsiðgjaldið í framreikningi skulu hækkuð hlutfallslega út frá hlutfalli vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í desember 2007 og meðaltali vísitölu hvers árs. Loks er fundið eingreiðsluiðgjald samkvæmt töflu V sem þarf til að veita sjóðfélaganum þau réttindi sem upp á vantar, og telst sú fjárhæð séreignarframlag til hvers sjóðfélaga. Útreiknuð fjárhæð skal framreiknuð frá desember 2007 til greiðsludags með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
2. Miðað er við að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir á 3. ársfjórðungi ársins 2008 og að tryggingarfræðingur sjóðsins vinni þá yfirlit um rétt til séreignarframlags skv. framanskráðu.

Fari svo að útreiknaður réttur verði umfram þá fjármuni sem þá eru til ráðstöfunar sbr. 1. mgr. 37. gr., skal færa öll útreiknuð séreignarframlög niður hlutfallslega uns jafnvægi hefur náðst milli réttinda og eigna.

3. Fjárhæðir þær sem ákvarðaðar verða sem séreignarframlög til sjóðfélaga skulu lagðar inn til vörsluaðila lífeyrissparnaðar að vali sjóðfélaga.

Við útsendingu sjóðfélagayfirlits fyrir lok mars mánaðar 2008 skal stjórn sjóðsins sérstaklega vekja athygli allra þeirra sjóðfélaga, sem gætu átt rétt til séreignarframlags skv. ákvæðum þessarar greinar og skora á þá að sækja um, vilji þeir koma til álita við úthlutun uppbótar á lífeyrisréttindi. Áskorun þessa skal jafnframt birta í dagblöðum. Hafi viðkomandi sjóðfélagar ekki sótt um innan þess frests sem gefinn verður, skal sjóðurinn hvetja viðkomandi sjóðfélag til að leggja inn umsókn. Sjóðurinn mun jafnframt leita allra leiða til að sjóðfélagar, sem eiga rétt á séreignarframlagi missi ekki þann rétt.

Viðauki

Töflur um grundvöll lífeyrisréttinda

Tafla I

Réttindatafla fyrir mánaðarlegar iðgjaldagreiðslur.

Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000.- króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	3.387	26	2.228	36	1.636	46	1.277	56	1.002
17	3.232	27	2.150	37	1.594	47	1.247	57	980
18	3.084	28	2.078	38	1.553	48	1.216	58	958
19	2.947	29	2.010	39	1.515	49	1.187	59	938
20	2.821	30	1.946	40	1.478	50	1.158	60	918
21	2.704	31	1.886	41	1.442	51	1.130	61	899
22	2.596	32	1.830	42	1.407	52	1.102	62	881
23	2.494	33	1.777	43	1.374	53	1.076	63	863
24	2.400	34	1.727	44	1.341	54	1.050	64	844
25	2.311	35	1.680	45	1.309	55	1.026	65	818
								66	783

Meðaltal réttinda í jafnri ávinnslu aldursárin 25 - 64 eru kr. 1.401.- fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

Tafla II

Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur

Taka elli- lífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
66-67 ára	0,66%	66 ára	7,92%
65-66 ára	0,58%	65 ára	14,88%

Tafla III

Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka elli- lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,66%	67 ára	7,92%
68-69 ára	0,73%	68 ára	16,68%
69-70 ára	0,81%	69 ára	26,40

Tafla IV

Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára

Aldur	Lífeyris réttindi	Taka ellilífeyris hefst	Hækkun við frestun fyrir hv. mán. á aldri	Samtals hækkun		
67 ára	811	68 ára	68 ára	69 ára	69 ára	70 ára
68 ára	840	69 ára	0,68%	0,75%	8,16%	17,16%
69 ára	872	70 ára		0,70%		8,40%

Tafla V

Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000.- króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári. Lífeyrisréttindi fyrir eingreiðslu iðgjalda sem ekki veita rétt til framreiknings.

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	3.578	26	2.636	36	1.996	46	1.515	56	1.133
17	3.469	27	2.562	37	1.942	47	1.473	57	1.099
18	3.358	28	2.490	38	1.890	48	1.432	58	1.064
19	3.253	29	2.421	39	1.839	49	1.391	59	1.031
20	3.153	30	2.354	40	1.789	50	1.352	60	997
21	3.057	31	2.290	41	1.740	51	1.314	61	964
22	2.966	32	2.227	42	1.693	52	1.276	62	930
23	2.878	33	2.167	43	1.647	53	1.239	63	896
24	2.794	34	2.108	44	1.602	54	1.203	64	862
25	2.714	35	2.051	45	1.558	55	1.168	65	828
								66	793

Reykjavík, 20. október 2014

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

Ásta H. Bragadóttir (sign.)
Friðbert Traustason formaður (sign.)
Sigurjón Gunnarsson (sign.)

Bergþóra Sigurðardóttir, varaformaður (sign.)
Helgi H. Steingrímsson (sign.)
Þóra Valný Yngvadóttir (sign.)

Staðfestar samþykktir
28. nóvember 2014
F.h.r.

Anna V. Ólafsdóttir

Haraldur Steinþórsson